

## MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL  
1860-095-MIN-001-V01

DAGS.  
23.08.2023

MÁLEFNI

EFNI

Drög að viðbrögðum vegna umsagna og athugasemda við deiliskipulagið Dalur athafnasvæði.

SVEITARFÉLAG

Fjarðabyggð

Drög að svörum vegna umsagna og athugasemda við **Dalur athafnasvæði**, ásamt öðrum breytingum á skipulagi.

UMSAGNARADILI / ATHUGASEMDARADILI- DAGS	ATHUGASEMD (HELSTU PUNKTAR)	VIÐBRÖGD OG BREYTINGAR VEGNA UMSAGNA/ATHUGASEMDA
<b>Landsnet -18.07.23</b>	<i>Landsnet telur að í deiliskipulagstillögu sé fjallað um og tekið mið af Neskaupstaðalínu 2 með fullnægjandi hætti.</i>	Engra breytinga er þörf.
<b>Minjastofnun Íslands (MÍ) - 10.08.23</b>	<i>Sú minjaskráning sem hefur farið fram á svæðinu er ekki fullnægjandi þar sem hún uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Þá telur Minjastofnun Íslands ekki þörf á frekari skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja innan skipulagssvæðisins. Inna skipulagssvæðisins eru þekktar tvær fornleifar (Afbýlið Bakki – 155959 130 – 19 og gamla kaupstaðaleiðin – 3064:001). Þá gerir MÍ kröfu um að grafinn verði könnunarskurður innan lóðar við Dalbraut 6 á kostnað framkvæmdaraðila af hæfum fornleifafræðingi í samráði við MÍ. Við nánari hönnun og útfærslu á norðausturhluta svæðisins þarf að taka fullt tillit til gömlu kaupstaðarleiðarinnar.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar. Inn á skipulagsuppdrátt verður bætt við þegar skráðum minjum á svæðinu. Þá verður greinargerð uppfærð og jafnframt verður fjallað um þau áhrif sem framkvæmdirnar kunna að hafa á minjarnar í umhverfisskýrslu. Síðan er bætt við eftirfarandi kvöðum í greinargerð: <ul style="list-style-type: none"><li>- Bætt er inn kvöð á lóðina við Dalbraut 6 þess efnis að grafinn verði könnunarskurður innan lóðar af fornleifafræðingi í samstarfi við MÍ áður en lóð verður úthlutað.</li><li>- Bætt er inn kvöðum á lóðir við Dalbraut 6, Dalbrekku 2, Dalbrekku 4 og útivistarsvæðið austan við Dalbrekku 2 þess efnis að hafa skal samráð við Minjavörð Austurlands áður en bygginga- og framkvæmdaleyfi er gefið út.</li></ul>
<b>Rarik – 21.07.23</b>	<i>Rarik gerir ekki athugasemdir við tillöguna en bendir á að innan svæðisins séu rafstrengir.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar.

	<p><i>Þá óskar Rarik eftir því að gert verði ráð fyrir lóð/svæði fyrir spennistöð RARIK.</i></p> <p><i>Síðan er óskað eftir samvinnu og sámráð varðandi frumhönnun dreifikerfisins.</i></p>	<p>Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að lóð við Dalbraut 8 sé fyrir opinbera veitustarfsemi en bætt var inn í skipulagið heimild til þess að skipta lóðinni upp þannig að ólíkar veitustofnanir gætu haft sér lóð. Jafnframt er sett krafa um sameiginlega aðkomu.</p>
<p><b>Umhverfisstofnun (UST) – 20.07.23</b></p>	<p><i>Bent er á að lágmarksbyggingarmagn fyrir móttöku- og söfnunarstöð úrgangs til endurvinnslu eða förgunar geti verið að lágmarki 200 m<sup>2</sup>.</i></p> <p><i>Síðan bentir UST á mikilvægi þess þar sem athafnasvæðið er á jaðri vatnsvendarsvæðis að fjallað sé um svæðið í tillögunni og það komi fram í umhverfisskýrslu hver áhrif starfseminnar mun verða á verndarsvæðið.</i></p>	<p>Þakkað er fyrir ábendingar.</p> <p>Bætt er við undanþágu heimild á lágmarks byggingarmagni ef starfsemin er þess eðlis s.s. starfsemi móttöku- og söfnunarstöðvar og ræktunarstöðva.</p> <p>Umfjöllun um vatnsverndarsvæði er bætt við í umhverfismatsskýrslu.</p>